

REGLUGERÐ

um innköllun nokkurra eldri peningaseðla.

1. gr.

Að tillögu Seðlabanka Íslands hefur ráðuneytið ákveðið að innkalla skuli eftirgreinda peningaseðla:

- a. 5, 10, 50, 100 og 500 krónu seðla Landsbanka Íslands, sem gefnir voru út samkvæmt heimild í lögum nr. 10 frá 15. apríl 1928, og settir í umferð frá ársbyrjun 1948.
- b. 5 og 10 krónu seðla Landsbanka Íslands, seðlabankans, sem gefnir voru út samkvæmt heimild í lögum nr. 63 frá 21. júní 1957.
- c. 10 krónu seðil Seðlabanka Íslands, sem gefinn var út samkvæmt heimild í lögum nr. 10 frá 29. marz 1961.

2. gr.

Frestur til að afhenda seðlana skal vera 12 mánuðir frá birtingu auglýsingar um innköllunina. Á innköllunarfrestinum skulu allir bankar og sparisjóðir skyldugir að taka við þeim peningaseðlum, sem greindir eru í 1. gr., og láta í staðinn peninga, sem ekki á að innkalla. Á innköllunarfrestinum eru preningaseðlar þeir, sem greindir eru í 1. gr., lögmatgur gjaldmiðill í lögskiptum manna, en hættu að vera lögmatgur gjaldmiðill að frestinum liðnum. Seðlabanka Íslands er þó skylt að innleysa peningaseðlana, sem greindir eru í 1. gr., í ekki skemmri tíma en 12 mánuði eftir lok 12 mánaða frestsins, sem greindur er í 1. málslíð þessarar greinar.

3. gr.

Seðlabanki Íslands skal annast framkvæmd innköllunar þessarar m. a. með því að gefa út auglýsingu um hana.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 22 frá 23. apríl 1968 og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 24. nóvember 1969.

Gylfi Þ. Gíslason.

Bórhallur Ásgeirsson.

Nr. 287.

25. nóvember 1969.

AUGLÝSING

um að ákvæðum 1. mgr. 28. gr. laga um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968, skuli ekki beitt gagnvart þegnum tiltekinna ríkja.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 28. gr. laga um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968, hefur ráðuneytið ákveðið, að fengnum yfirlýsingum um gagnkvæma réttarvernd, að ákvæðum 1. mgr. 28. gr. nefndra laga, varðandi skyldu erlendra aðila, sem sækja um að skrásetja vörumerki hér á landi, til að leggja fram vottorð um samsvarandi skrásetningu í heimalandi sínu, skuli ekki beitt gagnvart þegnum Bandaríkja Ameríku, Írlands, Noregs, Sviss eða Sambandslýðveldisins Þýzkalands.

Iðnaðarmálaráðuneytið, 25. nóvember 1969.

Jóhann Hafstein.

Brynjólfur Ingólfsson.